



Nefndasvið Alþingis
b.t. landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8- 10

150 REYKJAVÍK

Efni: Framlagðar breytingartillögur landbúnaðarnefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997 - 377. mál.

Á fundi með landbúnaðarnefnd Alþingis þann 5. mars sl. voru Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum sláturleyfishafa kynntar veigamiklar breytingar á fyrrnefndu lagafrumvarpi. Frumvarpið, sem lagt var fram í haust, hefur í raun verið endursamið. – Lagt var fram nýtt frumvarp en efnislega eru meginmarkmið fyrra frumvarps óbreytt.

Þessar breytingartillögur höfðu ekkert verið kynntar fyrir hagsmunaaðilum fyrir en þær voru afhentar á fyrrnefndum fundi með landbúnaðarnefnd, að frátöldu ákvæði um samráðsskyldu landbúnaðarráðuneytis við Samtök sláturleyfishafa og Bændasamtök Íslands vegna setningar reglugerðar/gjaldsskrár um eftirlitskostnað.

Meginmarkmið frumvarpsins er áfram að leggja niður sérstakan Eftirlitssjóð sem stofnað var til með lögum nr. lögum nr 82/2002. Kostnaður af sérstöku eftirliti eða viðbótareftirliti, eins og það er nú kallað í breytingartillögunum, á skv. tillögunum að greiðast af framleiðendum og sláturleyfishöfum.

Samkvæmt núgildandi lögum er lögbundið hámarks eftirlitsgjald í krónum sem hægt er innheimta fyrir eftirlitskostnað. Sérstakur opinber sjóður, Eftirlitsjóður, á einnig að sjá um greiðslur og bókhald vegna eftirlitsgjaldsins. Þessi Eftirlitsjóður verður lagður niður skv. frumvarpinu. Eftirlitsgjöld munu skv. tillögunum renna beint inn í almennan rekstarsjóð Landbúnaðarstofnunar.

Ný eftirlitsgjöld verða skv. frumvarpinu ákveðin í reglugerð/gjaldskrá. Ekkert liggur fyrir um það nú hvernig sú gjaldskrá verður byggð upp af Landbúnaðarstofnun. Sérstaka athygli vekur að Landbúnaðarstofnun hefur, að eigin sögn, ekki ennþá getað reiknað út eftirlitskostnað sinn fyrir árið 2006. Ný eftirlitsgjöld/gjaldskrárkerfi, sem stofnunin ætlar að semja, munu taka á gildi árið 2008. Þessu nýju eftirlitsgjöld/ gjaldskrárkerfi verða fyrst kynnt sláturleyfishöfum og bændasamtökunum síðla árs 2007.

Engin dul er dregin á það í *athugasemdum* í breytingartillögum að ætlun landbúnaðarráðuneytisins/Landbúnaðarstofnunar er að láta sláturleyfishafa og framleiðendur greiða hlutfallslegan kostnað af stjórnýslu Landbúnaðarstofnunar. Sjá orðalag 3. mgr. athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Það vekur sérstaka tortryggni að Landbúnaðarstofnun vill alls ekki færa rekstrar- og verkbókhald eftir búgreinum á grundvelli núgildandi lagaheimilda fyrir árið 2007. Landbúnaðarstofnun segist ekki vita í dag hver er kostnaður við einstaka þætti eftirlitsstarfsseminnar. Stofnunin hefur heldur enga tilraun gert til skýra hvernig meta á ýmsa sameiginlega rekstrarþætti stofnunarinnar sem hluta kostnaðar við eftirlit með slátrun dýra.

Með vísan til framangreinds leggjast samtökin alfarið gegn afgreiðslu þessa frumvarps á þessu þingi. Engin brýn nauðsyn er á að afgreiða málið á þessu þingi. Nýrri gjaldsskrá er ekki ætlað að taka gildi fyrir en á árinu 2008. Þær Evrópureglugerðir, sem vísað er til í breytingartillögum, hafa ekki verið innleiddar í EES samninginn. Á komandi haustþingi 2007 væri hægt að skoða málið betur á grundvelli raunverulegra kostnaðartalna við eftirlit eftir búgreinum og vegna sérstaks viðbótareftirlits vegna árána 2006 og 2007.

Það er eðlileg krafa að landbúnaðarráðuneyti og Landbúnaðarstofnun leggi fyrir Alþingi á haustþingi 2007 hugmyndir sínar að nýrri reglugerð/gjaldsskrár þannig að engum dyljist hvaða áhrif þessar fyrirhuguðu lagabreytingar hafi í raun fyrir einstakar búgreinar.

Það er ábyrgðarleysi að afgreiða málið á yfirstandandi þingi þegar ekkert liggur fyrir um hvaða kostnaðaráhrif lagabreytingarnar hafa. Megintilgangur frumvarpsins virðist einfaldlega vera sá gefa Landbúnaðarstofnun nýjar lagaheimildir til að hækka eftirlitsgjöld á atvinnulífið á þann hátt sem stofnuninni hentar. Hærri eftirlitsgjöld munu hafa áhrif á matvælavæð til hækkunar sem gengur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Lokaorð – meðfylgjandi tillaga að breytingu á frumvarpinu

Það er eindreginn vilji sláturleyfishafa að áfram verði starfræktur sérstakur Eftirlitssjóður, bundinn í lögum, og gjöld í hann verði byggð á raunverulegum kostnaði við eftirlit, eftir búgreinum, fremur en að sett verði reglugerð af Landbúnaðarstofnum um gerð gjaldskrárinnar. Gjöld búgreina í sjóðinn verði endurskoðuð árlega miðað við raunkostnað ársins á undan.


Í samræmi við þessa afstöðu fylgir meðfylgjandi tillaga að breytingum.

Reykjavík 8.3. 2007.


Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Rúnar Pálsson, hrl.



Ragnheiður Héðinsdóttir

BREYTINGATILLAGA við tillögu sem lögð var fram á fundi í landbúnaðarnefnd 5. mars sl:

1. mgr. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Landbúnaðarstofnun innheimtir eftirlitsgjald af sláturleyfishöfum sem renni í sérstakan sjóð í vörslu Landbúnaðarstofnunar. Eftirlitsgjaldið skal byggt á raunkostnaði eftir búgreinum til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum stofnunarinnar við heilbrigðiseftirlitið skv. 1. mgr.

- a. Laun starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, þó ekki laun héraðsdýralækna, sem starfa við eftirlitið, en laun þeirra eru greidd af fjárlögum.
- b. Annar kostnaður sem tengist eftirlitinu beint s.s. vegna nauðsynlegra áhalda og ferðalaga eftirlitsstarfsmanna, þjálfunar og verkskráningarkerfis.
- c. Kostnaður við greiningu á rannsóknarstofu og sýnatöku.

3. mgr. um viðbótareftirlit falli brott.